



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni og Hallgerðargötu

2024 – 2025





Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Innra mat deilda 2023-2024	10
5 Innra mat sérkennslu.....	15
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
8 Foreldrasamvinna	18
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10 Fylgiskjöl	19
10.1 Umsögn foreldraráðs	20





1. Leiðarljós leikskólans

Umhyggja - gleði - vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þá er öðru starfsári að ljúka í ungbarnaleikskólanum í Bríetartúni og því fyrsta í Hallgerðargötu. Árið var á margan hátt frábrugðið því fyrsta og má þar helst nefna að aðlögun barna dreifðist yfir lengri tíma, í þetta skiptið hélt það í hendur við flutning barna sem urðu þriggja ára á árinu. Börnin voru að færast á aðra leikskóla alveg fram að janúar, 2024.

Á sama tíma og aðlögun fór fram í Bríetartúni fengum við nýjan leikskóla afhentan, Hallgerðargötu og hófum við að undirbúa opnun hans. Það þurfti að ráða starfsfólk og klára ýmislegt innan og utandyr. 30. október var svo fyrri deildin, Smáratún, opnuð og eru 25 börn á henni í dag. Seinni deildin, Lækjartún, var opnuð í janúar og eru 10 börn á henni í dag. Reiknað er með því að heildarfjöldi barna á Hallgerðargötu verði u.þ.b. 55-60 börn þegar aðlögun verður lokið.

Eins og við er að búast tók það smá tíma að ráða inn starfsfólk til að hægt væri að opna, að ráða inn starfsfólk á tvær starfsstöðvar hefur tekið ágætlega á, en gengið vel. Við leggjum mikla áherslu á að vanda vinnu við ráðningar enda er starfsfólkið lykillinn að góðum árangri starfsins.

Sama fyrirkomulag er í Hallgerðargötu eins og í Bríetartúni, leikskólarnir eru báðir ætlaðir börnum frá 12 mánaða aldri til þriggja ára. Þetta fyrirkomulag er nýtt hjá Reykjavíkurborg og hefur reynst ágætlega. Þrátt fyrir að vel hafi gengið er stundum áskorun að vera með tvær starfsstöðvar þar sem smá vegalengd er milli húsa. Það skreppur enginn á milli! Þetta kemur þó allt með reynslunni og góðu skipulagi.

Leikskólinn stefnir á að fara í nafnaleit á komandi ári, því tvær starfsstöðvar þurfa yfirheiti, en undirheitin eru komin - Bríet og Hallgerður. 😊

Leikskólinn hefur frá upphafi tekið þátt í þróunarverkefninu “réttindi barna á Íslandi” sem er samstarfsverkefni 5 leikskóla, Unicef og Háskóla Íslands ásamt Kristínu Hildi Ólafsdóttur leikskólaráðgjafa á skrifstofu skóla og frístundasviðs. Í vetur vorum við með sameiginlegan skipulagsdag með Laugasól og Vinagerði. Þar var farið yfir starfið með Unicef og starfsfólk deildi vinnu sinni í þeirra leikskólum í sambandi við verkefnið. Leikskólinn okkar leggur áherslu á hvíld og rétt barnsins til hvíldar. Við erum stolt af því að í júní fengum við afhenta viðurkenningu sem réttindaskóli Unicef og erum við fyrsti Ungbarnaleikskólinn í heiminum sem hlýtur þessa viðurkenningu. Næsta vetur verður sú vinna sem þarf til að koma út hvíldarstefnu leikskólans kláruð.

Eins og áður segir eru allar sex deildirnar með sama aldri og því var ákveðið að vinna að sömu markmiðum. Deildirnar í Bríetartúni eru þó að vinna sitt annað ár og því komnar lengra í markmiðum sínum en á móti hefur starfsfólk í Hallgerðargötu notið góðs af því og getað aðlagð strax sínar deildir að sömu markmiðum. Eitt af markmiðum síðasta skólaárs var leikurinn og að börnin lærðu að umgangast og nota leikföng í samvinnu við aðra. Sú vinna tókst vel og ætlum við að halda áfram að vinna með leikinn. Í vetur ætlum við að leggja áherslu á að leikföngin séu sýnileg og að starfsfólkið átti sig á hlutverki sínu í leik með börnum.





Við höfum haft það markmið að vinna með aðlögun og að börnin séu örugg og að þeim líði vel þegar þau mæta í leikskólann að morgni. Sú vinna hefur gengið vel og metum við það svo að ekki þurfi að taka það sérstaklega fyrir áfram.

Þess í stað ætlum við að einbeita okkur að málörvunar þætti leikskólans og að allt starfsfólk sé meðvitað út á hvað málörvun í ungarnaleikskóla gangi.

Meðfram starfinu verður sérstök áhersla lögð á að vinna að skólanámskrá leikskólans. Nú þegar erum við að vinna með læsi, sköpun og leikinn sérstaklega, en í starfinu er þó einnig lögð áhersla á sjálfsefningu, félagsfærni og heilbrigði. Allt fléttast þetta saman og styður við hvert annað.

Við erum þakklát fyrir gott starfsár og hlökkum til nýrra verkefna á komandi starfsári.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Skólanámskrá
Hvernig fór matið fram?	Á fundi með deildarstjórum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar eru að byrjað er að vinna að skólanámskrá í umhverfi og samtölum. Tækifæri til umbóta eru að byrja markvissa vinnu við skólanámskrárgerð með utanaðkomandi aðstoð.

Hvað var metið?	Menntastefna/læsissteymi
Hvernig fór matið fram?	Samtal á skipulagsdögum og deildarstjórafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar eru að unnið er markvisst allan veturinn og á skipulagsdögum með læsi. Tækifæri til umbóta er að mynda teymi utan um vinnuna.





Hvað var metið?	Starfsþróunarsamtöl
Hvernig fór matið fram?	Á fundi með stjórnendum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar eru að yfir veturinn eru tekin óformleg samtöl. Tækifæri til umbóta að setja niður fasta daga í samtöl við starfsfólk.

Hvað var metið?	Menntastefna/sköpun "ég get sjálf!"
Hvernig fór matið fram?	Ráðin hefur verið verkefnastjóri
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar eru að verkefnastjóri var ráðinn sem vinnur með börnum og starfsfólki. Tækifæri til umbóta er að verkefnastjóri setur fasta vinnutíma til að sinna báðum starfsstöðvum.


Myndlistamenntaður verkefnastjóri var ráðinn inn í Bríetartún og Hallgerðargötu í september 2023 en var aðallega á Hallgerðargötu þegar sú starfsstöð opnaði um mánaðamótin október/nóvember. Í október fór tíminn í að standsetja á Hallgerðargötu áður en börnin fóru að tínast þangað inn. Þá var farið fljótlega að huga að jólagjafagerð sem var aðalverkefnið það sem eftir lifði árs. Á nýju ári var ákveðið að vinna með söguna „Blómin á þakinu“ eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur og var það skemmtilegt verkefni. Markmiðið var að taka þátt í Barnamenningarhátíð og sýna afraksturinn. Því miður varð ekki úr því þar sem námsferð starfsfólks til Kaupmannahafnar lenti á sama tíma og hátíðin.

Fyrsta verkefnið út frá sögunni „Blómin á þakinu“ var að samnýta tíma í sulli og þæfa ull sem síðan var fest á pípuhreinsara og þeim stungið í frauðplast sem komið hafði sem innpökkunar efni á nýjum borðum og stólum. Í þessu ferli fengu börnin að leika með ullina í sullukerinu þar til hún var orðin hálf þæfð. Frauðplastið var málað og að lokum var ullin sett á pípuhreinsarana og þeim stungið í. Ásamt því að lesa söguna voru myndir úr bókinni hengdar upp á vegg í hæð barnanna með það að markmiði að örva þau í að ræða um atburðarrásina eða um einstaka mynd af dýrum eða blómum. Inn í þetta ferli fléttaðist svo þorrinn með bolludegi, sprengidegi og öskudegi og síðan páskar með viðeigandi verkefnum. Þegar voraði voru blómafræ gróðursett í potta sem börnin gerðu úr hálfum mjólkurfernum sem þau límdu á skrautlegan kreppappír. Í þessu ferli fór fram mikill uppgötvunarlærdómur og leikur með ýmis efni og áhöld.






Þrátt fyrir að ekki næðist að taka þátt í Barnamenningarhátíð þá er það leiðangurinn að því marki sem skiptir mestu máli. Fyrir börnin var þetta afar lærdómsríkt ferðalag þar sem börnin kynntust fjölbreyttum efnivið til sköpunar.



Ytra mat

Starfsfólk leikskólans tók þátt í starfsánægjukönnun á vegum Gallup. Heildarsvörun hefði mátt vera betri, en 8 starfsmenn svöruðu.

Hvað var metið?	starfsánægja
Hvernig fór matið fram?	Spurningakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður komu almennt vel út. Helstu styrkleikar voru að leikskólinn skoraði hátt í heildarútkomu miðað við aðra skóla í hverfinu. Tækifæri til umbóta eru að alltaf má gera betur og er samskiptasáttmáli það sem við viljum vinna að í starfsmannahópnum.



Hvað var metið?	vinna við barnasáttmálann
Hvernig fór matið fram?	Spurningakönnun, viðtöl
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Skólinn fékk viðurkenningu sem réttindaskóli





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Skólanámskrá	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skólanámskrárgerð
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram vinnu við námskrá
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fastir fundir yfir veturinn Fá aðstoð frá utanaðkomandi
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024-Vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk kemur að grunngerð námskrár á skipulagsdögum og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fullgerð námskrá

Menntastefna/læsissteymi	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsissteymi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Læsissteymi sett á laggirnar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýr sérkennslustjóri Brynja Jónsdóttir heldur utanum teymið
Ábyrgð	Leikskólastjóri/Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 - Vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjórafundir og læsissteymis fundir
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að læsissteymið sé virkt.





Samskiptatefna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Áætlað er að gera samskiptasáttmála
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að bæta samskipti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera samskiptasáttmála og nýta hann.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 - Vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Vor 2025 og umræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið er að sáttmálinn sé nýttur.

Menntastefna/Sköpun "ég get sjálf!"	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Taka þátt í Barnamenningarhátíð vorið 2025. Að verkefnastjóri skipuleggja tíma sinn jafnt á milli starfsstöðva. Að samræma verkefni sem unnin verða út frá ákveðinni sögu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera skipulag og samræma verkefni
Ábyrgð	Verkefnastjóri myndlistar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-Apríl 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Afrakstur sýndur á Barnamenningarhátíð 2025
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Verk og skráning





2. Innra mat deilda 2023-2024 .

Í leikskólanum eru 6 deildir sem skiptast niður á tvær starfsstöðvar, Bríet og Hallgerður. Í Bríetartúni eru fjórar deildir, Dropatún, Birkitún, Fjólutún og Mosatún. Á hverri deild eru 15 börn á aldrinum 1-3 ára og 3-4 stöðugildi starfsmanna.

Í Hallgerðargötu voru opnaðar tvær nýjar deildir í ár, Lækjartún og Smáratún. Smáratún var opnað 30. október 2023 og eru 25 börn á þeirri deild. Lækjartún opnaði 21. janúar og eru 10 börn á þeirri deild. Tekin var sú ákvörðun að deildirnar myndu einblína á sömu markmið líkt og gert hefur verið og yrðu metin sem heild í lok árs.

Við endurmat á síðasta ári teljum við að við höfum náð að ljúka þeim þætti sem snýr að aðlögun en viljum vinna betur að þeim þáttum sem snúa að leiknum og hvíldinni ásamt því að bæta við þætti um málörvun.

Þættir sem við teljum að við séum búin að ná:

- Aðlögun, að börn séu örugg í Bríetartúni og Hallgerðargötu, líði vel og foreldrum líði vel að skilja þau eftir.

Við teljum að þessum þætti starfsáætlunar sé lokið og að við höfum öðlast hæfni í að taka á móti börnum eins og við viljum gera það. Mikilvægt er að hafa í huga að aðlögun er regluleg vinna í ungarnaleikskóla og munum við halda þeirri vinnu áfram sem byggð er á góðri reynslu.

Markmið fyrir skólaárið 2024 – 2025 eru:

1. Leikurinn, að börnin læra að umgangast og nota margvísleg leikefni í samstarfi við aðra
2. Hvíldin, að börnin fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.
3. Málörvun, að starfsfólk sé meðvitað um að veita börnum gott íslenskt málumhverfi í öllu starfi.

1. Leikurinn, að börnin læri að umgangast og nota margvísleg leikefni í samstarfi við aðra.

Við viljum halda áfram að vinna með þennan þátt en bæta hann enn frekar.

Leikur er mikilvægur þáttur í námi ungra barna, þar sem hann er aðal kennsluáðferðin. Í gegnum leik læra börn og þroskast. [BS1] Börn eiga að hafa góðan aðgang að leikefni og viljum við leggja áherslu á að börnin geti valið sér það sem þau vilja leika sér að. Mikilvægt er þá að hafa leikefnið á stað þar sem börnin geta sótt sér og skilað leikefni. Leikefnið er geymt í glærum skúffum svo það sést vel inn í





þær og auðvelt er fyrir börnin að velja sér sjálf sem þau vilja og er það í anda Barnasáttmálans. Við höfum merkt skúffurnar með myndum og bókstöfum, til að ýta undir læsi barnanna. Þáttur starfsfólks er einnig mikilvægur, starfsfólk á að vera þátttakandi í leik barnanna, hvort sem það er virkur þátttakandi eða vera til staðar fyrir börnin ef þau þurfa. Með því að starfsfólk sé þátttakandi í leik barna öðlast börnin hæfni í að leika með þann efnivið sem þau hafa, lengja úthaldi sitt í leiknum, læra að leika með öðrum og ganga frá þegar leiknum er lokið.

Styrkleikar: Börnin hafa aðgang að því leikefni sem í boði er. Leikefni er í hæð barnanna og í skúffum þar sem þau sjá efniviðinn.

Starfsfólk er þátttakandi í leik barnanna.

Tækifæri til umbóta: Endurnýja merkingar á skúffum með myndum og rituðu máli, með því ýtum við undir læsi hjá börnunum.

Að starfsfólk átti sig á hlutverki sínu í leik barnanna

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri að umgangast og nota ýmislegt leikefni í samstarfi við aðra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa fjölbreytt leikefni í boði, leyfa börnunum að prófa ýmislegt og vera til staðar fyrir þau til að aðstoða ef þarf
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024 - vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum. Skráningar og ljósmyndaskráningar
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin finni sér sjálf leikefni og staldri við í þó nokkurn tíma





2. Hvíldin, að börn fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.

Við erum Réttindaskóli barnasáttmálans og vinnum í anda hans hér í Bríetartúni og á Hallgerðargötu. Samkvæmt honum eiga öll börn rétt á hvíld og að fá að þroskast. Hvíld í leikskóla er því nauðsynleg fyrir öll börn og á sérstaklega við um börn á þeim aldri sem hjá okkur eru.

Við erum með í vinnslu hvíldarstefnu fyrir skólann, sem við munum síðan kynna fyrir foreldrum. [BS1] Með hvíldarstefnunni viljum við opna á frekari umræður varðandi hvíld og svefn barna við foreldra. Því eldri sem börnin verða er eðlilegt að svefninn styttest hjá börnum en við viljum sýna fram á mikilvægi þess að stytta svefninn ekki of mikið, heldur að geta átt samtalið hvað er barninu fyrir bestu. Við teljum að öll börn í Bríetartúni og Hallgerðargötu eigi að fara inn í hvíld, þar sem öll börn leggist á sína dýnu, fái sitt teppi og hlustað er á róleg tónlist eða sögur. Á Hallgerðargötu hefur einnig verið boðið upp á að börn leggist út í vagn.

Styrkleikar: Réttur barna til að hvílast sé virtur

Tækifæri: Klára hvíldastefnuna og kynna foreldrum.

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hvíldin
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fái að hvíla sig í ró og næði og eins og þau þurfa
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Klára að gera hvíldarstefnuna. Upplýsa og eiga samtal við foreldra um svefn barnanna. Skapa rólegt og notalegt umhverfi þar sem börnin hvílast.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar í samvinnu við foreldra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024 - vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum, samtöl við foreldra, skráningar í Völu
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin séu úthvíld og vel stemmd í amstri dagsins

3. Málörvun, starfsfólk sé meðvitað um að veita börnum gott íslenskt málumhverfi í öllu starfi.

Mikilvægt er að veita ungum börnum gott íslenskt málumhverfi til þess að ýta undir málþroska þeirra. Málörvun fer fram í öllu starfi leikskólans þar sem samtal, söngur og lestur er haft að leiðarljósi yfir





daginn. Sjónrænar myndir eru hafðar á veggjum skólans sem ýta undir tjáningu og samtal. Mikilvægt er því að starfsfólk fái fræðslu og leiðbeiningar um málörvun og tileinki sér slíka starfshætti. Í vetur nýttum við starfsdaga til þess að fá fræðslu um málörvun og mikilvægi hennar. Þrátt fyrir það hefur hljómað eins og starfsfólk átti sig ekki á því hvað er átt við þegar talað er um málörvun og haldi að það séu ákveðnar stundir sem börnin eigi að fá tækifæri til þess að taka þátt í.

Styrkleikar: Öll börn leikskólans eru á svipuðum stað máltökunnar vegna ungs aldurs og við gerum okkur grein fyrir mikilvægi málörvunar. Við höfum lagt mikla áherslu á að ráða starfsfólk sem hefur gott vald á íslensku.

Tækifæri: Að allt starfsfólk sé meðvitað um að málörvun eigi sér stað í öllu starfi leikskólans og að það sé á þeirra ábyrgð að veita börnum gott málumhverfi.

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin séu í ríkulegu íslensku málumhverfi í öllu starfi leikskólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk sé meðvitað um að málörvun eigi sér stað í öllu starfi leikskólans og sé ábyrgð þeirra að veita börnunum gott málumhverfi og að þau séu fyrirmyndir
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024-vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum og spurningalisti um endurmat á starfi leikskólans.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk átti sig á mikilvægi málörvunar





3. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Stjórnendateymi vinnur saman að mati á börnunum, og fær aðstoð frá þjónustumiðstöð ef þurfa þykir, en vegna ungs aldurs barnanna er þörf fyrir einstaklingsaðstoð oftast minni. Öll börn eru á máltökuskeiði og því er mikil málörvun hjá öllum, og við skiptum börnunum í sem minnsta hópa til þess að allir fái eins mikla örvun og hægt er. Við höfum ekki notað sérstök skráningarblöð, starfsfólk skráir hjá sér athuganir sínar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Notuðum engin stöðluð matsgögn</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við notuðum Lubba og svo ýmis myndaspjöld og spil</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

<p>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</p>	<p>Próa starf sérkennslustjóra í ungarnaleikskóla</p>
<p>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</p>	
<p>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</p>	<p>Vinna þétt með starfsmannahópnum</p>
<p>Ábyrgð</p>	<p>Leikskólastjóri</p>
<p>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</p>	<p>Haut 2024 - vor 2025</p>
<p>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</p>	<p>Fundir, hvernig nýtist sérkennslustjórinn?</p>
<p>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</p>	<p>Allir séu með það á hreinu hvert hlutverk sérkennslustjóra er og hvenær á að leita til hans</p>





4. 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Því er varið í ráðningu starfsfólks og til kaupa á kennslugögnum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er unnið með grunnorðaforða á öllum deildum og í öllum aðstæðum. Við erum byrjuð að vinna með Gefðu 10 og munum halda því áfram.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Það er lögð mikil áhersla á að leggja inn orðaforða í öllum aðstæðum, bækur sem lesnar eru verða flóknari eftir því sem líður á veturinn og stöðugt byggt ofan á fyrri reynslu/kunnáttu. Lesstundir og söngstundir eru á öllum deildum og markvisst unnið með fjölbreyttan orðaforða þar. Bækur eru hafðar aðgengilegar fyrir börnin svo að þau geti sótt í þær og spjallað um þær við önnur börn og kennara.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum ekki fylgst með framförum fjöltyngdra barna sérstaklega, öll börnin í skólanum eru á máltökuskeiði og því er fylgst með þeim öllum. Einhver vinna er hafin með notkun á hæfnirömmum í íslensku, en ekki markvisst.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er hugað að öllum þáttum máls á fjölbreyttan hátt, starfsfólk er til staðar fyrir börnin í öllum aðstæðum og aðstoðar börnin t.d. við að tjá tilfinningar sínar og langanir við önnur börn og starfsfólk. Eins leggjum við áherslu á að lesa bækur þar sem farið er yfir samskiptareglur og hvernig hægt er að leysa úr málum í samstarfi við aðra.





Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gefðu 10, festa það í sessi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börn fái jafn mikla málörvun óháð uppruna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Á deildarfundum verður reglulega farið yfir samskipti starfsfólks við börnin á deildinni og unnið markvisst að því að koma öllum fjöltyngdum börnum inn að miðju í matshringnum.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 - vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram í janúar og júní Notum skráningar í upphafi og enda tímabils og berum saman og sjáum hvort að börnin hafa ekki örugglega færst nær miðju.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin verða sýnilega öruggari í öllum aðstæðum og óhrædd við að tjá sig.

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Ekki voru tekin fyrirfram ákveðin starfspróunarsamtöl þetta árið. Úr því verður bætt og munu markviss samtöl leikskólastjóra við deildarstjóra sett í forgang.

Starfsfólkið fékk margvíslega fræðslu yfir veturinn og höfum við lagt áherslu á að hafa hana í samræmi við þá starfsemi sem fram fer innan skólans þann veturinn. Við byrjuðum fyrsta skipulagsdaginn á því að fá fyrirlestur frá hjúkunarfræðingi um smitsjúkdóma barna og yfirgripsmikla kynningu frá MML um málörvun og læsi í leikskóla. Haldinn var sameiginlegur fræðslufundur varðandi barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og vinnu með hann. Leikskólinn fór í námsferð innan- og utanlands, en teknir voru tveir skipulags dagar á vorönn og farið í ferð til Kaupmannahafnar. Þar fórum við í heimsókn í tvo leikskóla þar sem aldur barnanna var frá 9 mánaða til 5 ára. Það var mjög áhugavert og skemmtilegt, sérstaklega að sjá hvernig nám barnanna og umhverfi er miðað við okkar hér. Þar sáum við líka hversu vel íslenskir leikskólar eru búnir. Hópurinn fór einnig í heimsókn á bókasafn, þar sem við fengum fræðslu um hvernig tekið er á móti fjölmennigarlegum hópum og hvernig inngilding fer fram í þeirra starfi. Þeir sem ekki fóru í utanlandsferð fengu kynningu frá Norðurmiðstöð um starfsemi sem er í boði fyrir leikskóla og voru þrjú leikskólar heimsóttir sem allir áttu það sameiginlegt með okkar að þeir voru annað hvort með ungan aldur, öflugt málumhverfi eða nýlega opnaður. Í maí var sameiginlegur skipulagsdagur með öllu starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Menntastefnumót. Þar var lögð áhersla á rafræna fræðslu er tengdist





menntastefnu Reykjavíkurborgar og fór dagurinn fram rafrænt fyrir hádegi en hittist hverfið eftir hádegi og voru nokkrir leikskólar sem sögðu frá því frábæra starfi sem fram fer hjá þeim.

Skipulagsdagar á vetrinum voru sex. Tveir á haustönn og fjórir á vorönn.

29. september, smitsjúkdómar barna og MML, fræðsla um málörvun og læsi

17. nóvember, unnið með læsi og hvernig það birtist í daglegu starfi/hvað þarf að bæta?

21. febrúar, Barnasáttmálinn, sameiginlegur með Laugasól og Vinagerði

24 og 26. apríl, leikskólinn fer í ferð til Kaupmannahafnar að skoða leikskóla

17. maí, Menntastefnumót

Stjórnendateymi leikskólans, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar fengu leiðsögn í starfi yfir veturinn. En var það í formi námskeiða sem stóðu reglulega yfir veturinn.

Í janúar, eftir vinnu, fengum við Sögu Stephensen til okkar með kynningu á verkefninu, Gefðu 10.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn er ungbarnaleikskóli og er ekki í samstarfi við grunnskóla eða frístundamiðstöðvar. Börnin flytjast á hverfisleikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef einhver tilvik eru þess eðlis að umsögn þarf að fylgja barninu þá erum við í góðu samstarfi við móttökuleikskóla þess barns.

8 Foreldrasamvinna

Ekkert foreldrafélag var starfandi fyrsta ár leikskólans. Á foreldrafundi um haustið óskuðum við eftir foreldrum í foreldrafélag og foreldraráð, en það er lögbundið og skylda í öllum leikskólum að hafa starfandi foreldraráð. Í ráðið buðu sig fram 4 foreldrar. Á fundinum sagði leikskólastjóri frá leikskólanum og því sem væri fram undan. Því næst buðu deildarstjórar foreldrum inn á deild, starfsfólk kynnti sig og deildarstjóri sagði frá því sem fram færi í daglegu starfi.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel. Við vorum með fund með nýjum foreldrum í nóvember, í desember var jólaball og buðum við foreldrum að vera með. Í febrúar höldum við upp á dag leikskólans, þá bjóðum við fjölskyldum barnanna að koma og taka þátt í leik barna sinna í lok dags. Við kláruðum skólaárið með sumarhátíð, hún var einföld í sniðum, en það sem stóð uppúr var afhending viðurkenningar um að ungbarnaleikskólinn væri orðinn réttindaskóli unicef.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025 eru sex. Tveir á haustönn og fjórir á vorönn.

- 6. september 2024
- 15. nóvember 2024
- 13. janúar 2025
- 6. febrúar 2025 - Leikskólaráðstefna
- 31. mars 2025
- 16. maí 2025

10 Fylgiskjöl





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

1. Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Eva Björk Hickey

Sæbjörn Stefánsson

Þorbjörg Daphne Hall

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





F. h. leikskólans í Bríetartúni og Hallgerðargötu,

____Anna Ben Blöndal____ 28. Júní 2024____
Leikskólastjóri Dagsetning



Leikskóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MÁÍ		JÚNÍ	
1 F		1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 L		1 Þ		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 S	
2 F		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F		2 S		2 S		2 M		2 F		2 M	Sjómanna dagurinn
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 M		3 M	Bolludagur	3 F		3 L		3 Þ	
4 S		4 M		4 F		4 M		4 M		4 L		4 Þ		4 Þ	Sprengidagur	4 F		4 S		4 M	
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 M	Öskudagur	5 L		5 M		5 F	
6 Þ		6 F	Skipulagsdagur	6 S		6 M		6 F		6 M	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans Leikskólaráðstefna	6 F		6 S		6 Þ		6 F	Skólaslit grunnskóla
7 M		7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F	Dagur tónlistarskólans	7 F		7 M		7 M		7 L	
8 F		8 S	Dagur læsis	8 Þ		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M		8 L		8 L		8 Þ		8 F		8 S	Hvítasunnudagur
9 F		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 S		9 M		9 F		9 M	Annar í hvítasunnu
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 M		10 M		10 F		10 L		10 Þ	
11 S		11 M		11 F		11 M		11 M		11 L		11 Þ	Dagur íslenska táknmálsins	11 Þ		11 F		11 S		11 M	
12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 M		12 L		12 M		12 F	
13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 F		13 M	Skipulagsdagur	13 F		13 F		13 S	Þálmásunnudagur	13 Þ		13 F	
14 M		14 L		14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 F	Dagur stærðfræðinnar	14 M		14 M		14 L	
15 F		15 S		15 Þ		15 F	Skipulagsdagur	15 S		15 M		15 L		15 L		15 Þ		15 F		15 S	
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 F		16 S		16 S		16 M		16 F	Skipulagsdagur	16 M	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Skírdagur	17 L	Lýðveldisdagurinn
18 S		18 M		18 F		18 M		18 M		18 L		18 Þ		18 Þ		18 S	Föstudagurinn langi	18 S		18 M	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F	
20 Þ		20 F		20 S		20 M	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 M		20 F		20 F		20 S	Páskadagur	20 Þ		20 F	
21 M		21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 F		21 M	Annar í Páskum	21 M		21 L	
22 F	Skólaeining grunnskóla	22 S		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 L		22 L		22 Þ		22 F		22 S	
23 F		23 M		23 M		23 L	Þorláksmessa	23 F		23 F	Böndadagur - fyrsti dagur þorra	23 S	Konudagur - upphaf Góu	23 S		23 M		23 F		23 M	
24 L		24 Þ		24 F	Vetrarfrí grunnskóla	24 S	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F	Böndadagur - fyrsti dagur þorra	24 M	Vetrarfrí grunnskóla	24 M		24 F	Sumardagurinn fyrsti	24 L		24 Þ	
25 S		25 M		25 F	Vetrarfrí grunnskóla	25 M	Jóladagur	25 L		25 L		25 Þ	Vetrarfrí grunnskóla	25 Þ		25 F		25 S		25 M	
26 M		26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ		26 F	Annar í jólum	26 S		26 M		26 M		26 L		26 M		26 F	Fæðingardagur forseta Íslands (GTHJ)
27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 F		27 M		27 F		27 F		27 S		27 Þ		27 F	
28 M		28 L		28 M	Vetrarfrí grunnskóla	28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 F		28 M		28 M		28 L	
29 F		29 S		29 Þ		29 F		29 S		29 M				29 L		29 Þ		29 F	Uppstigningardagur	29 S	
30 F		30 M		30 M		30 L		30 M		30 F				30 S		30 M		30 F		30 M	
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur	31 F				31 M	Skipulagsdagur			31 L			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunns